

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 270, 27. mars 2001 um veiðar úr úthafskarfastofninum 2001.

1. gr.

Á eftir 2. ml. 1.gr. kemur svohljóðandi málsliður: „Þá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæði 1 F og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips sbr. 2. mgr. 3 gr. reglugerðarinnar. Um þær veiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 12, 9. janúar 2001, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2001“.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. júlí 2001.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórir Skarphéðinsson.

5. júlí 2001

Nr. 551

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagi í Hraunsholti, Ásum, við Arnarás 14-16, Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Hraunsholti, Ásum, við Arnarás 14-16, Garðabæ. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Breytingin felst í því að íbúðum í hverjum stigagangi er fjölgað, byggingarreitur stækkar og hámarks nýtingarhlutfall lóðar verður 0,54 í stað 0,40.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 5. júlí 2001.

F. h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir, skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

3. júlí 2001

Nr. 552

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Gufunes, akstursæfingasvæði deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. maí 2001 deiliskipulag fyrir Gufunes, akstursæfingasvæði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.